



ÁRSSKÝRSLA 2001

ANNUAL REPORT

ÁRSSKÝRSLA 2001

ANNUAL REPORT

STJÓRN

Kjartan Gunnarsson, formaður
 Óskar H. Gunnarsson, varaformaður
 Björn Líndal
 Eiríkur Jóhannsson
 Geir Magnússon
 Halldór J. Kristjánsson
 Margeir Daníelsson
 Rannveig Ríst

VARASTJÓRN

Anna Margrét Guðmundsdóttir
 Birgir Guðmundsson
 Brynjólfur Helgason
 Ingólfur Ólafsson
 Kristján Guðmundsson
 Sigurður Markússon

ENDURSKOÐENDUR

KPMG Endurskoðun hf.

FORSTJÓRI

Axel Gíslason

FRAMKVÆMDASTJÓRAR

Benedikt Sigurðsson, Fjármálasvið
 Eggert Á. Sverrisson, Einstaklingstryggingar
 Pétur Már Jónsson, Atvinnutryggingar
 Sigurbjörn Gunnarsson, Líftryggingaþjónusta

EFNISYFIRLIT

BLS

Inngangur	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	11
Áritun endurskoðenda	12
Rekstrarreikningur ársins 2001	13
Efnahagsreikningur 31. desember 2001	14
Yfirlit um sjóðstreymi árið 2001	16
Skýringar	17
Fimm ára yfirlit um rekstur og efnahag	27

ENGLISH SUMMARY INDEX

PAGE

English Summary	30
Five Year Summary of the Profit and Loss Account and the Balance Sheet	32
Profit and Loss Account for the Year 2001	33
Balance Sheet December 31, 2001	34

INNGANGUR

Hagnaður varð af rekstri VÍS árið 2001 að fjárhæð 684 milljónir króna að teknu tilliti til lækkunar á tekjuskattshlutfalli. Heildareignir félagsins í lok ársins 2001 námu 22.514 milljónum króna og bókfært eigið fé var 4.090 milljónir króna. Hafði það hækkad um 845 milljónir króna frá fyrra ári eða um 26%.

Bókfærð iðgjöld félagsins hækkuðu um 20% frá fyrra ári og námu 7.033 milljónum króna, en eigin iðgjöld hækkuðu um 26% og námu samtals 5.730 milljónum króna.

Iðgjaldahækkarnir félagsins í ökutækjatrýggingum, sem kynntar voru á árinu 2000, komu fyrst að fullu fram í tekjum þess frá og með september 2001. Iðgjaldabreytingar á árinu 2001 voru aðallega hækkarnir á iðgjöldum eignatrýgginga vegna slæmrar tjónareynslu og lækkunar á kostnaði við erlendar endurtryggingar.

Eigin tjón félagsins hækkuðu um 17% og námu 5.944 milljónum króna. Tjónapróun í ökutækjatrýggingum, sem er stærsti tryggingaflokkur félagsins, var hagstæð á fyrri hluta ársins samanborið við árið 2000, en þessi bati hélst ekki og versnaði afkoman aftur á síðari árshelmingi. Tjónahlutfall félagsins fyrir árið í heild varð þó nokkuð hagstæðara en árið á undan þrátt fyrir þessa þróun og óvenju mikinn tjónþunga bæði í frjálsum ábyrgðartryggingum og slysatryggingum.

Fjárfestingartekjur félagsins námu samtals 2.204 milljónum króna. Hagnaður af fjármálarekstri nam 365 milljónum króna eftir að 1.611 milljónir króna hafa verið færðar til tekna á váttryggingareksturinn en þessi tekjufærsla nam 1.367 milljónum króna árið 2000.

Samtals nam hagnaður af váttryggingarekstri ársins 229 milljónum króna en 163 milljóna króna tap varð af váttryggingarekstrinum árið 2000.

Gerðar hafa verið nokkrar áherslubreytingar á þjónustukerfinu sem VÍS rekur um land allt. Ábyrgð á daglegum rekstri hefur nú í ríkari mæli verið flutt til umdæmisstjóra sem staðsettir eru á sjö lykilstöðum víðsvegar um landið, þannig að vald og ábyrgð þeirra á starfsemi tiltekinnna landssvæða og rekstrarþátta hefur verið aukið. Markmið félagsins með þessum breytingum er að efla og bæta þjónustu við viðskiptavinum félagsins, ná betri árangri í sölu- og markaðsstarfi og ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri þjónustukerfisins.

VÍS jók eignarhluta sinn í Líftryggingafélagi Íslands hf. á árinu í 25%, en félögin hafa haft náið samstarf um rekstur og þjónustu allt frá stofnun Líftryggingafélagsins. Sameiginlega geta þau boðið viðskiptavinum sínum allsherjar váttryggingarvernd á sviði líf- og skaðatrýgginga auk annarrar fjármálaþjónustu á eigin vegum og frá samstarfsaðilum.

Í samræmi við yfirlýsta stefnu VÍS um opnun og skráningu hlutabréfa félagsins á markaði, fór fram útboð og sala hlutabréfa til starfsmanna undir lok síðasta árs. Þá seldi Landsbanki Íslands af sínum hlut í félaginu til starfsmanna bankans. Nýir hluthafar eru 569 talsins og keyptu þeir um 2,2 % eignarhlut í félaginu í þessum útboðum.

Þá hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við meginþorra starfsmanna félagsins, sem kveða á um rétt þeirra til kaupa á hlutabréfum í félaginu árin 2002 - 2004. Með fyrrgreindum kaupum og kaupréttarsamningum er gert ráð fyrir að starfsmenn geti eignast samtals um 5% hlut í VÍS fyrir árslok 2004.

Stefnt er að því að fyrir mitt ár 2002 selji stærstu hluthafar félagsins af hlut sínum til fagfjárfesta til að tryggja aukna dreifingu hlutafjár og að sótt verði um skráningu hlutabréfa félagsins á Verðbréfabingi Íslands.

REKSTUR

Eins og fram kom í inngangi varð niðurstaða rekstrarreiknings VÍS jákvæð um 684,5 milljónir króna samanborið við 649,5 milljónir króna á árinu 2000.

Bókfærð iðgjöld hækkuðu um 19,7% milli ára og námu 7.032,5 milljónum króna og iðgjöld ársins hækkuðu um 23,1% og námu 6.570,9 milljónum króna á móti 5.336,2 milljónum króna árið 2000. Eigin iðgjöld ársins hækkuðu um 26%.

Tjón ársins námu 6.577,8 milljónum króna á móti 5.787,8 milljónum króna árið 2000 og nemur hækkunin 13,6%.

Reiknaður kostnaður af endurtryggingavernd félagsins nam 55,0 milljón króna eða 0,83% af iðgjöldum ársins samanborið við 1,1% hagnað árið áður.

Heildarfjárfestingartekjur félagsins námu 2.203,9 milljónum króna á móti 2.614,2 milljónum króna árið 2000 og lækkuðu því um 15,7% en stór hluti tekanna á árinu 2000 varð til vegna sölu á hlutabréfum félagsins í Frjálsa fjárfestingarbankanum.

Hreinn rekstrarkostnaður nam 1.233,2 milljónum króna og hækkaði um 8,9% frá fyrra ári og nam 21,5% af eigin iðgjöldum á móti 24,9% árið áður.

EFNAHAGUR

Heildarváttryggingaskuld félagsins nam í árslok 17.297,0 milljónum króna á móti 15.272,2 milljónum króna í lok fyrra árs og hækkaði því um 13,3% og er nú 263,2% af iðgjöldum ársins á móti 286,2% í árslok 2000.

Hlutur endurtryggjenda í váttryggingaskuld nam í árslok 923 milljónum króna eða 5,3% af váttryggingaskuld samanborið við 5,6% í lok fyrra árs.

Samkvæmt þessu nam eigin váttryggingaskuld 16.374,0 milljónum króna á móti 14.416,4 milljónum króna í lok fyrra árs og hefur því hækkað um 13,6% á árinu. Hlutfall eigin váttryggingaskuldar er nú 285,7% af eigin iðgjöldum á móti 317,1% í árslok 2000.

Eigin tjónaskuld nam 12.598,8 milljónum króna á móti 10.978,9 milljónum króna í lok fyrra árs.


Kröfur námu 2.764,8 milljónum króna á móti 3.617,9 milljónum króna í lok fyrra árs og viðskiptaskuldir 476,2 milljónum króna í samanburði við 658,8 milljónir króna í árslok 2000.

Fjárfestingar námu 17.083,8 milljónum króna í árslok samanborið við 14.525,1 milljón króna í lok fyrra árs.

Aðrar eignir námu 1.665,3 milljónum króna samanborið við 817,9 milljónir króna í árslok 2000.


Nafnverð hlutafjár félagsins er nú 539,5 milljónir króna og bókfært eigið fé 4.090,3 milljónir króna samanborið við 3.244,7 milljónir króna í lok ársins 2000 og hefur því hækkað um 845,6 milljónir króna eða 26,1% og nemur nú 71,4% af eigin iðgjöldum á móti 71,3% árið áður.

HAGNAÐUR fjárhæðir í þús. króna



Hagnaður eftir skatta.

EIGID FÉ fjárhæðir í þús. króna





Sveinsína Jónsdóttir, starfar við símsvörun á skiptiborði VÍS.

Þjónusta í takt við þarfir viðskiptavina.

„Hjá VÍS er lögð mikil áhersla á örugga símaþjónustu og sem dæmi má nefna að símaþjónustuver VÍS er opið alla virka daga frá kl. 8.00-19.00. Það er 38% lengri afgreiðslutími en hjá öðrum tryggingafélögum, auk þess sem þjónustuskrifstofan í Smáralind er einnig opin um helgar.“

EIGNATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 1.509,9 milljónum króna og hækkuðu um 15,5% frá fyrra ári en eigin iðgjöld hækkuðu um 12,9%.

Hluttur eignatrygginga var 23,1% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 24,7% árið áður.

Tjón ársins námu 1.354,4 milljónum króna eða 89,7% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 105,7%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar neikvæð um 148,3 milljónir króna eða 9,8% af iðgjöldum ársins.

SJÓTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 257,9 milljónum króna og lækkuðu um 1,3% frá fyrra ári og eigin iðgjöld lækkuðu um 13,1%.

Hluttur sjótrygginga var 3,9% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 4,9% árið áður.

Tjón ársins námu 310,6 milljónum króna eða 120,4% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 112,8%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar neikvæð um 23,2 milljónir króna eða 9% af iðgjöldum ársins.

LÖGBODNAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 2.767,1 milljón króna og hækkuðu um 34,5% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 34,2%.

Hluttur lögbodinna ökutækjatrýgginga var 42,3% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 38,8% árið áður.

Tjón ársins námu 2.978,5 milljónum króna eða 107,6% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 108,3%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar jákvæð um 267,3 milljónir króna eða 9,7% af iðgjöldum ársins.

FRJÁLSAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 963,5 milljónum króna og hækkuðu um 23,2% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 22,8%.

Hluttur frjálsra ökutækjatrýgginga var 14,7% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins eða sama hlutfall og árið áður.

Tjón ársins námu 692,8 milljónum króna eða 71,9% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 71,6%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar jákvæð um 133,2 milljónir króna eða 13,8% af iðgjöldum ársins.

ALMENNAR ÁBYRGÐARTRYGGINGAR ÁSAMT STARFSÁBYRGÐARTRYGGINGUM


Iðgjöld ársins námu 419,5 milljónum króna og hækkuðu um 23% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 29,3%.

Hluttur almennra ábyrgðartrygginga var 6,4% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins eða sama hlutfall og árið áður.


Tjón ársins námu 553,9 milljónum króna eða 132% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 150%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar neikvæð um 64,1 milljón króna eða 15,3% af iðgjöldum ársins.


IDGJÖLD ÁRSINS 2001



TJÓN ÁRSINS 2001



HEILDARIDGJÖLD OG TJÓN ÁRSINS 2001 fjárhæðir í þús. króna



SLYSA- OG SJÚKRATRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 624,6 milljónum króna og hækkuðu um 13,6% frá fyrra ári og eigin iðgjöld um 35,8%.

Hlutur slysa- og sjúkratrygginga var 9,6% af iðgjöldum frumtrygginga félagsins á móti 10,4% árið áður.

Tjón ársins námu 665,4 milljónum króna eða 106,5% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 103%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar jákvæð um 51,7 milljónir króna eða 8,3% af iðgjöldum ársins.

INN-ENDURTRYGGINGAR

Iðgjöld ársins námu 28,4 milljónum króna og lækkuðu um 26% frá fyrra ári. Hlutur inn-endurtrygginga var 0,4% af heildariðgjöldum félagsins á móti 0,7% árið áður.

Tjón ársins námu 22,2 milljónum króna eða 78,2% af iðgjöldum ársins og hlutfall eigin tjóna af eigin iðgjöldum 68,7%.

Þegar tillit hefur verið tekið til annarra rekstrarþátta er falla undir váttryggingarekstur, svo sem fjárfestingartekna, fenginna umboðslauna frá endurtryggjendum, rekstrarkostnaðar og breytingar á útjöfnunarskuld, þá er niðurstaða váttryggingarekstrar jákvæð um 12,5 milljónir króna eða 44% af iðgjöldum ársins.

ENDURTRYGGINGAR

Hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum ársins nam 840,8 milljónum króna eða 12,8% en 87,2% iðgjalda er haldið fyrir eigin reikning. Samsvarandi hlutföll fyrra árs voru 14,8% og 85,2%.


Þátttaka endurtryggjenda í tjónum nam 633,3 milljónum króna eða 9,6% og einnig greiddu þeir félaginu 152,4 milljónir króna í umboðslaun. Nettó kostnaður af endurtryggingavernd félagsins nam því 55,0 milljón króna eða sem svarar 0,83% af iðgjöldum ársins samanborið við 1,1% tekjur árið 2000 og er því nettó hagnaður endurtryggjenda 6,5% á móti 7,2% tapi árið 2000.

Eins og að líkum lætur höfðu atburðirnir í Bandaríkjunum þann 11. september s.l. gífurleg áhrif á endurtryggingamarkaðinn. Tjón váttryggingafélaga og sér í lagi endurtryggjenda er fyrirsjáanlegt að verði gífurlega hátt og jafnvel svo að mörg þessara félaga verði gerð upp með miklu tapi. Þegar fyrir lok ársins höfðu nokkur endurtryggingafélög hætt starfsemi og markaðurinn færðist á enn færri hendur og var þó sambjörppunin orðin ærin fyrir.


Sú ákvörðun hér á landi að útiloka ekki tryggingu gegn hryðjuverkum á venjulegum áhættum, þrengdi vissulega möguleika á endurtryggingum þar sem mörg endurtryggingafélög takmörkuðu verulega þátttöku í slíkum áhættum eða útilokuðu þær alfarið. Þrátt fyrir nokkrar iðngjaldahækkningar má segja að samningar VÍS hafi gengið vel fyrir sig. Það má fyrst og fremst þakka góðu og löngu samstarfi við sterka endurtryggjendur og miðlara, bæði á meginlandinu og ekki síst á Lundúnamarkaði.

Hins vegar er það ljóst að endurtryggingakjör munu versna og endurtryggjendur reyna að snúa vörn í sókn og vinna upp tap sitt, ekki eingöngu vegna 11. september, heldur einnig uppsafnað tap fyrri ára. Það er óhjákvæmilegt annað en að þetta komi til með að endurspeglast í iðgjaldaákvörðunum frumtryggingafélaga á næstu árum, hér sem annars staðar.


IÐGJALDA OG TJÓNAYFIRLIT fjárhæðir í þús. króna



TJÓNHLUTFALL



KOSTNADARHLUTFALL



Hreinn rekstrarkostnaður í % af eigin iðgjöldum

TJÓN

Tjón ársins námu í heild 6.578 milljónum króna miðað við 5.788 milljónir króna árið 2000 og hækkuðu um 790 milljónir króna eða 13,6%. Þetta er meiri aukning en reiknað var með í upphafi árs.

Tjón lögboðinna ökutækjatrýgginga námu 2.978 milljónum króna og eru um 45,3% af heildartjónum ársins.

Þróun ökutækjatjóna hefur verið mjög óheillavænleg undanfarin ár. Mikil alda umferðaslysa sem reið yfir fyrri hluta árs 2000 vakti þó fólk til umhugsunar og kom af stað umræðum um umferðamál og fjölgun alvarlegra slysa. Þetta hafði greinilega áhrif til fækkunar umferðatjóna hjá VÍS því á árinu 2001 fækkaði tjónum í lögboðnum ábyrgðartryggingum um 5,3% miðað við fyrria ár. En þegar líða tók á árið fór tjónum að fjölga aftur sem bendir til þess að fækkunin síðari hluta ársins 2000 og fyrri hluta ársins 2001, sé því miður ekki varanleg.

Meðalkostnaður hvers tjóns hækkaði nokkuð, sérstaklega vegna líkamstjóna sem eru 73% af heildartjónakostnaði en bætur vegna ökutækja og annarra munatjóna nema 27%.

Stærsta tjón ársins í ökutækjatrýggingum er áætlað um 45 milljónir króna og í nokkrum tilfellum hækkuðu eldri tjón verulega.


Tjón í eignatrýggingum námu 1.354 milljónum króna miðað við 1.141 milljón króna á fyrria ári og hækkuðu um 18,7%. Fjöldi brunatjóna var svipaður og á síðasta ári en kostnaður meðaltjóns hækkaði verulega en stærsta tjónið varð um 100 milljónir króna. Alls urðu 4 brunatjón hærri en 10 milljónir króna.

Í húseigendatrýggingum eru vatnstjón langstærsti hluti tjónakostnaðar en einnig eru slys sem falla undir skaðabótaskyldu húseigenda vaxandi tjónaþáttur. Tjónum fjölgaði lítillega en í heild hækkuðu tjónin um 33,8% sem má að hluta rekja til tveggja stórra slysatjóna. Ljóst er að þarna verður að efla forvarnastarf verulega og auka vitund húseigenda á ábyrgð þeirra gagnvart viðhaldi og umgengni fasteigna.


Tjón í frjálsum ábyrgðartryggingum námu 554 milljónum króna og hækkuðu um 117,6% frá fyrria ári. Tilkyntum tjónum fjölgaði nokkuð, en einnig má rekja þessa miklu hækkun til ört vaxandi kostnaðar vegna slysatjóna, meðal annars vegna hækkana á tjónum fyrri ára. Hvað þau varðar þá komu fram verulegar hækkunar þar sem áhrif skaðabótaganna frá 1999 hafa haft mun meiri áhrif en ætlað var í fyrstu og einnig hafa fallið dómar í málum, sem hafa haft í för með sér mun hærri bætur en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjótjón hækkuðu um 146 milljónir króna og munar þar mestu um strand línuveiðiskips síðastliðið haust sem trúlega mun kosta félagið allt að 130 milljónir króna. Nokkur altjón urðu á smærri bátum um og yfir 10 milljónir króna hvert en árið á undan varð einungis eitt altjón.

FJÁRFESTINGARTEKJUR fjárhæðir í þús. króna



EIGIN VÁTRYGGINGASKULD / EIGIN IÐGJÖLD



SKIPULAGSBREYTINGAR Í ÞJÓNUSTUKERFINU

VÍS rekur umfangsmikið þjónustukerfi um allt land. Á árinu var lögð mikil vinna í skoðun og stefnumótun fyrir framtíðarþróun þjónustukerfisins. Tók sú vinna m.a. mið af áherslum í starfsumhverfi félagsins, s.s. byggðapróun, samgöngum, tæknivæðingu, samkeppni o.fl. Niðurstaða þessarar vinnu leiddi til þess að gerðar voru nokkrar áherslubreytingar í þjónustukerfinu. Ábyrgð á daglegum rekstri var í ríkari mæli flutt til einstakra landshluta. Markmiðin með breyttu skipulagi þjónustukerfisins eru:

Að efla þjónustu við viðskiptavinum félagsins.

Að ná betri árangri í sölu- og markaðsstarfi.

Að ná fram hagræðingu og sparnaði í rekstri þjónustukerfisins.

Í þessu nýja skipulagi er þjónustukerfinu nú landfræðilega skipt í umdæmi og umdæmisstjóri skipaður fyrir hvert þeirra og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri umdæmisins. Í hverju umdæmi starfa þjónustuskrifstofur á tilteknum landsvæðum og sinna þær þjónustu við viðskiptavinum félagsins en þjónustukerfið samanstendur af 19 umdæmis- og svæðisskrifstofum og 41 umboði.

MARKAÐSMÁL

Á árinu var hleypt af stokkunum ímyndarherferð sem hefur það að markmiði að bæta og skýra ímynd VÍS. Inntakið í herferðinni er „Leyfðu okkur að bera ábyrgðina með þér“. Með því er átt við að VÍS vill taka á sig hluta af þeirri ábyrgð sem viðskiptavinir þess undirgangast í daglegu lífi. Gerð var ímyndar- og útlýsing fyrir sjónvarp og útvarp.

Í byrjun árs gekk VÍS til liðs við nokkur stór fyrirtæki á auglýsingamarkaði sem skömmu áður höfðu stofnað Birtingahúsið ehf. VÍS keypti hlut í félaginu og varð einn af lykilhluðhöfnum þess. Með tilkomu Birtingahússins ehf. hafa orðið miklar breytingar á auglýsingamarkaði og kostnaður fyrirtækja við birtingu auglýsinga minnkað umtalsvert. Rekstur Birtingahússins ehf. hefur gengið ágætlega strax á fyrsta ári.

Eitt af markmiðum VÍS er að bera umhyggju fyrir viðskiptavinum sínum og vera ávallt fyrri til að benda þeim á hvar tryggingarvernd þeirra sé ábótavant. Við skoðun á váttryggingarfjárhæðum viðskiptavina VÍS í fjölskyldutryggingum kom í ljós að ástæða var til að ætla að þær fjárhæðir endurspegluðu ekki raunveruleg verðmæti innbús viðskiptavina og í mörgum tilfellum væri um undirtryggingu að ræða. Því var sent tilboð til viðskiptavina VÍS þar sem þeir gátu á mjög auðveldan og ódýran hátt hækkað tryggingarfjárhæð innbús síns. Þessi aðgerð skilaði góðum árangri og fjölmargir viðskiptavinir VÍS leidréttu váttryggingarvernd sína.

NÝ ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA Í SMÁRALIND

Í október opnaði VÍS þjónustuskrifstofu í nýju verslunarmiðstöðinni Smáralind í samstarfi við Landsbanka Íslands. Þar er veitt sama þjónusta og á öðrum þjónustuskrifstofum félagsins um land allt. Þjónustuskrifstofan er með mun rýmri opnunartíma en aðrir þjónustustaðir VÍS, er opin lengur á virkum dögum og er jafnframt opin um helgar til samræmis við aðra starfssemi í Smáralind.

Tilgangur VÍS með því að opna þjónustuskrifstofu í Smáralind er að styrkja þjónustunet félagsins á Reykjavíkursvæðinu. Þarna geta viðskiptavinir félagsins fengið heildstæða þjónustu í fjármálum og tryggingum á einum stað og á öðrum tímum dags en á hefðbundnum opnunartíma þjónustustaða tryggingafélaga.

NÝTT BRUNABÓTAMAT

Nýtt brunabótamat tók gildi þann 15. september 2001 á allar húseignir í landinu í kjölfar endurmats hjá Fasteignamati ríkisins. Þessi breyting hafði í för með sér mikla vinnu fyrir starfsfólk félagsins en breyta þurftu váttryggingarverðmæti allra húseigna sem brunatryggðar eru hjá félaginu frá og með 15. september 2001. Með nýju mati er tekin upp breytt aðferð við ákvörðun brunabótamats húseigna. Í henni er tekið tillit til afskrifta með hliðsjón af aldri, sliti, viðhaldi og almennu ástandi eignar.

Við endurmat brunabótamats lækkaði heildarfjárhæð brunabótamats húseigna í landinu úr 2.216 milljörðum króna í 2.121 milljarð króna eða um 4 %. Í kjölfar nýs brunabótamats telja sumir húseigendur að brunabótamat húseigna þeirra nægi ekki til endurbýggingar ef til tjóns kemur. Til þess að koma til móts við slíkar þarfar þá býður VÍS húseigendum viðbótarvernd, allt að 30 % viðbót við gildandi brunabótamat.

ATVINNUTRYGGINGAR

Fjölbreytni íslensks atvinnulífs eykst ár frá ári. Af hálfu VÍS hefur verið leitast við að fylgjast með þessari þróun til þess að félagið geti veitt viðskiptavinum sínum sem besta váttryggingarþjónustu og boðið váttryggingalausnir sem henta þeim hverju sinni. Oft er um sérhæfðar lausnir að ræða fyrir viðkomandi fyrirtæki. VÍS er í samstarfi við marga aðila erlendis til að geta boðið viðskiptavinum sínum lausnir með sérstökum váttryggingum.

Á árinu var Smáralind, stærsta verslunarmiðstöð landsins, opnuð. VÍS váttrygði framkvæmdir við byggingu Smáralindar og eftir að rekstur hófst í október s.l. hefur VÍS annast rekstrartryggingar Smáralindar. Meðal trygginga sem Smáralind er með hjá VÍS er trygging vegna leyndra galla í byggingu hússins sem fram kunna að koma, en slíkar váttryggingar hafa ekki tíðkast hérlendis, en eru algengar vegna stærri framkvæmda erlendis.

Starfsábyrgðartryggingum fjölgaði mikið á árinu, en á undanförunum árum hefur færst í vöxt að starfsstéttum er gert að vera með starfsábyrgðartryggingu. Þá var einnig svokölluð sjúklingatrygging innleidd í upphafi árs 2001. Samkvæmt lögum er sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttum og heilbrigðisstofnunum nú gert skylt að hafa í gildi váttryggingu hjá váttryggingafélagi vegna mistaka sem geta orðið í starfi heilbrigðisstétta. Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar öðlast sjúklingar rétt til bóta verði þeir fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða meðferð hér á landi.

Áframhaldandi þróun varð í slysatryggingum launþega og hafa bætur verið hækkaðar verulega frá því sem áður var í mörgum kjarasamningum. Þá voru gerðar verulegar breytingar á kjarasamningum sjómanna á árinu 2001 í samræmi við niðurstöðu gerðardóms frá 16.5.2001. Sjómenn sem eru í skipsrúmi á bátum yfir 12 tonnum eiga nú rétt á bótum á grundvelli skaðabótalaga, verði þeir fyrir slysi við vinnu sína. Jafnframt er útgerðarmönnum báta sem eru undir 12 tonnum nú skylt að váttryggja sjálfa sig. Þessar breytingar munu hafa mikil áhrif á slysatryggingar og réttindi sjómanna.

FORVARNASTARF VÍS

Sumarið 2001 stóð VÍS fyrir þjóðaráttaki gegn umferðarslysum þar sem heitið var á vegfarendur að undirrita tíu umferðarheit. Átakið fólst í því að gerðar voru auglýsingar sem birtust í dagblöðum og þar hvöttu þjóðkunnir einstaklingar almenning til að skrifa undir umferðarheit VÍS. Umferðarheitin eru 10 boðorð sem eiga að leiða til ábyrgari aksturs og þar með til fækkunar slysa. Átakið tókst vel.

Að venju voru haldnir fjölmargir umferðarfundir á vegum VÍS þar sem mættu rúmlega 4.000 nemendur á aldrinum 15-25 ára. Fyrir nokkrum árum gaf VÍS neyðarljós í alla leikskóla sem tryggðir eru hjá félaginu og hefur því starfi verið fylgt eftir á síðustu árum með námskeiðum fyrir starfsfólk leikskólanna þar sem fjallað er um brunavarnir, rýmingu húsnæðis og viðbrögð ef eldur kemur upp.

VÍS hélt áfram rekstri Öryggisverslunar VÍS þar sem viðskiptavinum gefst kostur á kaupa öryggisvörur og forvarnabúnað á sérlega hagstæðu verði og að auki fá búnaðinn senda heim sér að kostnaðarlausu. Hægt er að kaupa vörurnar annars vegar í netverslun á VÍS vefnum og hins vegar í gegnum símaþjónustuver VÍS. Breyting varð á samstarfsaðila VÍS í þessu verkefni er Eldverk ehf. sameinaðist Öryggismiðstöð Íslands hf. undir merkjum þess síðarnefnda. VÍS hefur nú undirritað samstarfssamning við Öryggismiðstöð Íslands hf.

UPPLÝSINGATÆKNI

Stærsta verkefni VÍS á sviði upplýsingatækni árið 2001 var undirbúningur að endurnýjun trygginga- og tjonakerfis félagsins. Í mars var samið við Nýherja um samstarf við skoðun á erlendum viðskiptahugbúnaðar- og tryggingakerfum. Ákveðið hefur verið að hefja gerð kröfu- og hönnunarlýsingar fyrir flesta rekstrarþætti félagsins í samvinnu við Nýherja.

Vegna sölu á hlutafé til starfsmanna VÍS og fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Verðbréfabingi Íslands var komið upp hluthafakerfi til að halda utan um ört stækkandi hóp hluthafa VÍS. Kerfið tengist Verðbréfaskráningu Íslands hf. Þar sem bréf félagsins eru skráð rafrænt. Þetta kerfi sinnir öllum þáttum sem snúa að hluthafaskrá, svo sem flöggun innherjaviðskipta, vinnslu á arðgreiðslum, prentun hlutafjármiða o.fl.

STARFSMANNAMÁL, GÆÐA- OG FRÆÐSLUMÁL

Alls störfuðu 199 manns í heilsársstörfum hjá VÍS árið 2001 auk þess sem 5 stöðugildi eru alfarið tileinkuð starfsemi LÍFÍS. Þetta er fækkun um eitt stöðugildi frá fyrra ári.

Starfsfólki VÍS gafst kostur á að kaupa hlutabréf í félaginu samhliða því sem fastráðnum starfsmönnum var boðið að gera kaupréttarsamninga við félagið samkvæmt fyrirbyggjandi kaupréttaráætlun.

Samband íslenskra tryggingafélaga, SÍT, stendur fyrir námskeiðum og námsstefnum fyrir starfsmenn aðildarféлага sinna á hverju ári. Starfsmenn VÍS á Norðurlandi sóttu námsstefnu sem SÍT stóð fyrir á Akureyri og fjöldi starfsmanna sótti sérnámskeið SÍT í ökutækja- og persónutryggingum. VÍS leggur áherslu á símenntun og að starfsmenn beri sjálfir ábyrgð á eigin færni og starfsþróun. Vika símenntunar var helguð tölvumálum og tækifærið notað til þess að skerpa á þekkingu á hópvinnumakerfum í Lotus Notes. Til að fylgja eftir átaki VÍS til eflingar tölvuþekkingar sátu 60 manns af höfuðborgarsvæðinu, starfsmenn og makar þeirra, grunnnámskeið í tölvufærni. Aðaláhersla var lögð á Windows, Word, Excel og Internetið.

Þjónustunámskeið voru haldin fyrir framliðunarfólk á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Austurlandi. Þá sótti hluti starfsmanna námskeið í sölutækni og námskeið um samskipti á vinnustöðum. Á stjórnendamóti VÍS sem haldið var í Reykjavík og Reykjanesbæ var áhersla lögð á frammistöðustjórnun og hvernig beita má þeirri tækni í stjórnun lífilla og stórra skipulagsheilda.

Þjónustukerfi VÍS nær til yfir 60 staða á landinu. Við þjálfun og fræðslustarfsemi mun VÍS í auknum mæli nýta sér upplýsingatækni og fjarnámsleiðir ýmiss konar. Tilraunaverkefni á þessu sviði benda til þess að ná megi umtalsverðum árangri með fjarnámi.

Stöðugar framfarir í þjónustu og í þróun verkferla eru nauðsynlegar til að vera ávallt í fremstu röð. Í þeim tilgangi hafa aðferðir gæðastjórnunar verið innleiddar hjá VÍS. Nokkrir hópar unnu að framfaraverkefnum á árinu og hafa verkefnið snúið að ýmsum þáttum í starfsemi, þó fyrst og fremst að snertiflötum okkar við viðskiptavinum. Miklar vonir eru bundnar við það að aðferðafræði gæðastjórnunar nái að laða fram og nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem starfsfólk VÍS býr yfir til að bæta og þróa nýjar leiðir í þjónustu.

SALA HLUTABRÉFA TIL STARFSMANNA

Tímamót urðu í sögu félagsins í nóvember 2001 þegar fram fór útboð á hlutabréfum í VÍS til starfsmanna félagsins. Auk þess seldi Landsbankinn, sem er stærsti hluthafinn í VÍS, af sínum hlut til starfsmanna sinna. Þetta útboð var

liður í stefnu hluthafa VÍS um opnun félagsins og skráningu hlutabréfa þess á Verðbréfabingi Íslands.

Útboðið gekk mjög vel og voru þátttakendur 569 talsins. VÍS bauð starfsmönnum sínum til sölu allt að 6,5 milljónir króna að nafnverði á genginu 20. Alls skráðu 178 starfsmenn sig fyrir hlut í þessum hluta útboðsins fyrir nánast þá fjárhæð sem í boði var eða um 125 milljónir króna að söluverði. Landsbankinn bauð starfsmönnum sínum til kaups 1% af heildarhlutafé félagsins, eða sem nam 5,3 milljónum króna að nafnverði á genginu 20. Alls skráði 391 starfsmaður bankans sig fyrir hlut í útboðinu og seldist allt sem í boði var eða fyrir um 106 milljónir króna að söluverði.

Næsta skref er að stærstu núverandi hluthafar VÍS munu selja af sínum hlut til fagfjárfesta til að tryggja aukna dreifingu hlutafjár. Stefnt var að því að þetta yrði gert fyrir áramót ef markaðsaðstæður á hlutabréfamarkaði væru fyrir hendi. Eftir formlega könnun á því sem gerð var af Verðbréfastofunni hf. í desember fyrir hönd stærstu hluthafa VÍS á meðal helstu fagfjárfesta í landinu varð niðurstaða hluthafanna sú að fresta áformum um sölu og skráningu félagsins á VÞÍ. Það var skoðun hluthafanna og félagsins að aðstæður á markaði væru með þeim hætti að það þjónaði best hagsmunum þeirra og félagsins að bíða með skráninguna og kanna málið að nýju á fyrri hluta árs 2002.

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF. (LÍFÍS)

Sem fyrr sá VÍS um rekstur Lífís og hafa félögin náð samband um váttryggingaframboð og þjónustu við viðskiptavinum.

Breytingar urðu á eignarhaldi Líftryggingafélagsins á árinu. VÍS og Landsbankinn keyptu hluti af Eignarhaldsfélaginu Andvöku þannig að nú nemur eignarhlutur VÍS 25%, Landsbankans 50% og Eignarhaldsfélagsins Andvöku 25%. Stefnt er að aukinni sölu líftrygginga og sjúkdómategygginga í útibúum Landsbankans. Auk hefðbundinna áhættulíftrygginga býður Lífís sjúkdómategyggingar, söfnunarlíftryggingar, afkomutryggingar og Lífís lífeyrissöfnun sem tekur á móti viðbótarlífeyrissparnaði.

Afkoma Lífís á árinu 2001 var góð. Bókfærð iðgjöld námu 509 milljónum króna. Fyrir utan ágæta afkomu af almennum rekstri seldi félagið á árinu hlut sinn í VÍS með góðum hagnaði. Heildareignir Lífís í árslok 2001 námu 2.809 milljónum. króna og eigið fé var 1.450 milljónir króna.

ÁHRIF ATBURÐANNA 11. SEPTEMBER Á SKILMÁLA FÉLAGSINS

Atburðirnir í New York í Bandaríkjunum þann 11. september hafa haft og munu hafa margvísleg áhrif á líf fólks um allan heim. Eitt af því sem þessir atburðir hafa haft mikil áhrif á eru váttryggingar og snertir það bæði váttryggingafélög og viðskiptavinum þeirra. Endurtryggjendur víða um heim hafa sett ákvæði í endurtryggingasamninga varðandi hryðjuverk, sem meðal annars tengjast líffræði- og efnifræðilegum áhrifum, sem hefur gert það að verkum að félaginu er nauðsynlegt að setja slíka fyrirvara í sína eigin skilmála í ábyrgðar-, sjúkra- og slysatryggingum. Fyrirvarinn hljóðar þannig:

„Váttryggingin bætir ekki slyss af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnifræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þar með talin vegna sýkla og veira“.

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Félagið starfar á sviði váttrygginga og fjármála. Á árinu 2001 störfuðu 199 starfsmenn hjá félaginu miðað við heilsársstörf. Þjónustuskrifstofur VÍS víðsvegar um landið voru í árslok 60 talsins.

Á árinu var hagnaður af rekstri félagsins að fjárhæð 684,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 4.090,3 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 539,5 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að greitt verði í arð 50% af nafnverði hlutafjár til hluthafa, en vísað er til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Félagið hefur veitt starfsmönnum sínum kauprétt að hlutabréfum í félaginu. Í árslok 2001 nemur árlegur kaupréttur fastráðinna starfsmanna samtals 3.321 þús. kr. að nafnverði á genginu 20 sem er nýtanlegur á árunum 2002 til 2004. Auk þess hafa stjórn og stjórnendur félagsins árlegan kauprétt á hlutabréfum í félaginu að nafnverði samtals 1.950 þús. kr. á sama gengi, sem er nýtanlegur á árunum 2002 til 2004. Félagið mun gefa út nýtt hlutafé til að efna kauprétt starfsmanna.

Í árslok nam hlutafé félagsins 539,5 millj. kr. og hluthafar voru 585 þar af átta þrír hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu en þeir eru:

	Eignarhluti
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	42,69%
Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Reykjavík	25,20%
Olúfélagið hf., Reykjavík	13,22%

Stjórn Váttryggingafélags Íslands hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2002.

Stjórn:

Kjartan Gunnarsson, formaður

Björn Líndal

Eiríkur Jóhannsson

Geir Magnússon

Halldór J. Kristjánsson

Margeir Daníelsson

Óskar H. Gunnarsson

Rannveig Ríst

Forstjóri:

Axel Gíslason

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 40. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2001, efnahag þess 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 8. mars 2002.

KPMG Endurskoðun hf.

Ólafur Nilsson
Margrét Guðjónsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2001

TEKJUR OG GJÖLD AF VÁTRYGGINGAREKSTRI:	SKÝR.	2001	2000
Iðgjöld:			
Bókfærð iðgjöld		7.032.521.731	5.874.082.827
Hluti endurtryggjenda		(888.070.076)	(789.671.310)
Breyting á iðgjaldaskuld	4	(461.600.000)	(537.850.000)
Breyting á hluta endurtryggjenda		47.300.000	(100.000)
Eigin iðgjöld		<u>5.730.151.655</u>	<u>4.546.461.517</u>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	31	1.611.363.000	1.367.057.000
Tjón:			
Bókfærð tjón	34	(4.937.902.907)	(4.611.905.080)
Hluti endurtryggjenda		613.398.338	542.827.274
Breyting á tjónaskuld	5,34	(1.639.874.150)	(1.175.894.358)
Breyting á hluta endurtryggjenda		19.950.000	151.050.000
Eigin tjón		<u>(5.944.428.719)</u>	<u>(5.093.922.164)</u>
Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda		<u>(15.825.729)</u>	<u>(769.334)</u>
Rekstrarkostnaður:			
Sölu- og rekstrarkostnaður		(526.152.277)	(492.239.238)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(859.500.000)	(793.064.000)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		152.421.720	153.035.249
Hreinn rekstrarkostnaður		<u>(1.233.230.557)</u>	<u>(1.132.267.989)</u>
Breyting á útjöfnunarskuld	6	81.000.000	150.000.000
Hagnaður (tap) af vátryggingarekstri	32	229.029.650	(163.440.970)
TEKJUR OG GJÖLD AF FJÁRMÁLAREKSTRI:			
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af dóttur- og hlutdeildarfélagum	3,15	157.434.765	65.790.888
Tekjur af öðrum eignarhlutum		45.519.131	54.850.029
Hagnaður af rekstri húseigna og lóða	35	10.473.725	806.123
Vaxtatekjur og gengismunur	36	1.971.884.759	1.275.068.576
Hagnaður af sölu fjárfestinga		18.634.482	1.217.720.148
Fjárfestingartekjur		<u>2.203.946.862</u>	<u>2.614.235.764</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(89.805.000)	(76.100.000)
Vaxtagjöld		(40.445.646)	(53.780.753)
Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum	22	(203.982.064)	(98.036.457)
Fjárfestingargjöld		<u>(334.232.710)</u>	<u>(227.917.210)</u>
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2	106.907.000	65.542.589
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur		(1.611.363.000)	(1.367.057.000)
Hagnaður af fjármálarekstri		365.258.152	1.084.804.143
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD AF REGLULEGRI STARFSEMI:			
Aðrar tekjur		33.718.096	33.594.756
Önnur gjöld	22	(70.441.912)	(53.369.060)
Önnur gjöld af reglulegri starfsemi		<u>(36.723.816)</u>	<u>(19.774.304)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt		557.563.986	901.588.869
Reiknaður tekju- og eignarskattur	27,39	(33.784.626)	(252.067.238)
Áhrif lækkunar skatthlutfalls		160.715.178	0
Hagnaður ársins	24	684.494.538	649.521.631

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	SKÝR.	2001	2000
Fjárfestingar:			
Húseignir og lóðir	10-12	585.664.606	527.955.664
Dóttur- og hlutdeildarfélög:			
Hlutir í dótturfélögum	3,13,15	38.133.549	12.073.922
Lán til dótturfélaga		10.249.875	11.850.079
Hlutir í hlutdeildarfélögum	3,14,15	766.446.736	820.354.024
		814.830.160	844.278.025
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	16-18	6.296.076.573	4.503.169.849
Verðbréf með föstum tekjum	19	5.259.501.584	4.529.649.113
Veðlán	20	3.988.736.023	4.005.516.530
Önnur útlán		138.991.031	110.234.669
		15.683.305.211	13.148.570.161
Geymslufé hjá hlutdeildarfélagi vegna endurtrygginga		0	4.341.447
Fjárfestingar		17.083.799.977	14.525.145.297
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld:			
lögjaldaskuld		245.000.000	197.700.000
Tjónaskuld		678.000.000	658.050.000
Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld		923.000.000	855.750.000
Kröfur:			
Kröfur á dótturfélög		80.844.026	53.452.949
Kröfur vegna frumtryggingastarfsemi, váttryggingatakar		2.169.280.751	1.731.719.950
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		423.860.417	315.000.820
Aðrar kröfur		90.789.939	1.517.763.317
Kröfur	22	2.764.775.133	3.617.937.036
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	21	135.114.997	99.626.026
Sjóður og bankainnstæður	9	1.530.195.903	718.267.902
Aðrar eignir		1.665.310.900	817.893.928
Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur:			
Áfallnir vextir		44.939.799	45.401.149
Fyrirframgreiddur kostnaður		31.756.770	47.031.716
Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur		76.696.569	92.432.865
EIGNIR SAMTALS		22.513.582.579	19.909.159.126

31. DESEMBER 2001

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	SKÝR.	2001	2000
Eigið fé:			
Hlutafé	23	539.454.040	533.307.500
Lögbundinn varasjóður		439.249.836	296.903.385
Óráðstafað eigið fé		3.111.580.364	2.414.536.926
Eigið fé	24-26	4.090.284.240	3.244.747.811
Vátryggingaskuld:			
Iðgjaldaskuld	4	3.313.800.000	2.852.200.000
Tjónaskuld	5,34	13.276.843.955	11.636.969.805
Útjöfnunarskuld	6	684.000.000	765.000.000
Ágóðaskuld		22.336.794	18.006.672
Vátryggingaskuld		17.296.980.749	15.272.176.477
Aðrar skuldbindingar:			
Skattskuldbinding	27	241.072.769	338.831.302
Geymslufé frá endurtryggjendum		0	29.356.344
Viðskiptaskuldir:			
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		134.773.795	138.082.161
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		300.776.429	256.293.035
Skuldir við lánastofnanir	30	7.847.555	243.770.615
Aðrar skuldir		32.802.358	20.606.029
Viðskiptaskuldir		476.200.137	658.751.840
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	28	409.044.684	365.295.352
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		22.513.582.579	19.909.159.126

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2001

Rekstrarhreyfingar:	SKÝR.	2001	2000
Hagnaður ársins		684.494.538	649.521.631
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og niðurfærsla eigna		288.182.874	217.554.531
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	2 (106.907.000)	(65.542.589)
Verðbætur af verðbréfaeign og skuldum	(662.924.376)	(292.550.048)
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum	15 (157.434.765)	(65.790.888)
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		1.957.554.272	1.410.591.030
Hagnaður af sölu eigna	(18.634.482)	(1.217.720.149)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	(97.758.533)	247.496.185
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(591.405.252)	(474.395.777)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.295.167.276</u>	<u>409.163.926</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Sala húseigna og lóða	10	7.350.000	10.700.000
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum	13-18 (1.541.221.093)	(836.030.152)
Sala eignarhluta í félögum		1.745.190.915	96.146.351
Önnur verðbréf, breyting	(286.032.303)	(251.765.881)
Keyptir rekstrarfjármunir	10,21 (131.030.899)	(110.719.961)
Sala rekstrarfjármuna	21	202.500	5.236.378
Geymslufé, lækkun (hækkun)		4.341.447	(123.075)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>201.199.433)</u>	<u>(1.086.556.340)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Geymslufé, (lækkun) hækkun	(29.356.344)	4.009.777
Greiddur arður	24 (133.326.875)	(79.996.125)
Innborgað hlutafé	24	122.930.800	0
Bankalán, (lækkun) hækkun	(239.268.181)	219.197.631
Afborganir lána	(3.019.242)	(2.861.067)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>282.039.842)</u>	<u>140.350.216</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		811.928.001	(537.042.198)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>718.267.902</u>	<u>1.255.310.100</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.530.195.903</u>	<u>718.267.902</u>

